

HLUTHAFAFUNDUR KEILIS

9. desember 2019 kl. 15:00

Fór fram í aðalbyggingu Keilis að Grænásbraut 910 í Reykjanesbæ

Stjórnarformaður setti fundinn og lagði til að fundastjóri yrði Unnar Steinn Bjarndal og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundurinn var löglega boðaður og voru fulltrúar 93 % hluthafa Keilis mættir. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Fundarmenn afhentu starfsmanni fundarins umboð.

Mættir voru hluthafar frá Keili, Háskóla Íslands, Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum, Kadeco, HS Orku, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjanesbæ, Starfsmannafélagi Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, Bláa Lóninu og Kaupfélagi Suðurnesja, samanber lista neðst í fundargerð.

Einnig sátu fundinn: Jóhann Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri, Magnús Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrar og Ingibjörg Elín Bjarnadóttir sem ritaði fundinn.

DAGSKRÁ

1. Kynning á fjárhagslegri stöðu
 2. Kynning á sóknartækifærum
 3. Tillaga að hlutafjánhækkun
-
1. Sviðsstjóri fjármála fór yfir sögu Keilis, mikilvægi starfseminnar fyrir samfélagið og fjárhagslega stöðu Keilis.
 2. Framkvæmdastjóri Keilis fór yfir stöðu skólans og sóknarfæri hans á næstu misserum.
 3. Tillaga að hlutafjánhækkun. Yfirlit yfir hlutafé félagsins lagt fram. Með vísan til 2. mgr. gr. 2.1 í samþykktum félagsins, sbr. gr. 6.1 er gerð sú tillaga að stjórn félagsins hafi heimild til að hækka hlutafé félagsins. Skal hækkun nema 180.000.000 hlutum á genginu 1,00. Hlutafé félagsins eftir hækkunina skal vera allt að kr. 494.000.000. Frestur til áskriftar forkaupsréttar skal vera 8 vikur frá deginum í dag, eða til og með 9. febrúar 2020. Tillaga þessi var kynnt á fundinum og rædd. Fram komin tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Háskóli Íslands – Halldór Jónsson og Sæunn Stef.
Samband Sveitarfélga á Suðurnesjum –
Kadeco – Ísak Einir Kristinsson
Keilir – Jóhann Friðrik Friðriksson
HS Orka – Jóhann Sigurbergsson

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SS", "SM", "AR", "JFB", "JFF", "EY", and "AK".


Orkuveita Reykjavíkur – Ingvar Stefánsson
Reykjanesbær – Guðbrandur Einarsson
Kaupfélag Suðurnesja – Skúli Skúlason
Bláa Lónið – Kolbrún Magnúsdóttir
Starfsmannafélag Suðurnesja – Stefán Ólafsson
Verkalýðs og sjómannafélag Keflavíkur – Guðbjörg Kristinsdóttir

Fundi slitið kl. 16:15

Fundargerð ritaði Ingibjörg Elín Bjarnadóttir, starfsmaður Keilis.




Ingvar Stefánsson



Skúli Þ. Skúlason




Jóhann Sigurbergsson




Halldór Jónsson




Ísak Einir Kristinsson



Kolbrún Magnúsdóttir



Guðbjörg Kristinsd.




Stefán B. Ólafsson



Einar Jón Pálsson

Guðbrandur Einarsson



Guðbrandur Einarsson
f. Keilis

